

Eystrahorn

3. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 24. janúar 2019

www.eystrahorn.is

Vinna hafin við gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand

Miðvikudaginn 16. janúar s.l. gerði Vatnajökulsþjóðgarður samninga við þrjár rannsóknarstofnanir á Hornafirði varðandi vinnu og ráðgjöf við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Ráðgjafahópurinn samanstendur af starfsmönnum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, Náttúrustofu Suðausturlands og Nýheima þekkingarseturs. Það sýnir styrk og fjölbreytni í atvinnulífi Hornafjarðar að hafa til staðar fagaðila heima í héraði sem geta tekið að sér

verkefni sem þessi. Breiðamerkursandur varð hluti af Vatnajökulsþjóðgarði við friðlýsingu svæðisins 25. júlí 2017. Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórntæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar og ákvarðanatöku. Samkvæmt lögum þjóðgarðsins er það á ábyrgð svæðisráða að koma með tillögur að stjórnunar- og verndaráætlunum. Í ljósi umfangs vinnunar á Breiðamerkursandi fékk svæðisráð suðursvæðis ráðgjafahópurinn á Hornafirði

til liðs við sig og umhverfis- og auðlindaráðuneytið tryggði fjármögnun vinnunnar. Svæðisráð mun vinna reglulega með ráðgjafahópnum meðan á ferlinu stendur. Svæðisráðið og ráðgjafahópurinn munu enn fremur leita eftir frekari sérfræðiaðstoð eftir því sem þörf gerist. Vinna við gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun er samráðsferli sem felur í sér viðtöl við hagaðila, rýnihópa, íbúa- og kynningarfundir. Að auki er gagnaöflun, kortagerð, o.fl. hluti af ferlinu. Íbúar

Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru hvattir til að fylgjast vel með tilkynningum og ferli vinnunnar á næstu mánuðum. Tímaáætlun gerir ráð fyrir að tillaga svæðisráðs verði lögð fyrir stjórn þjóðgarðsins í upphafi næsta árs. Fyrirhugað er að opna samráðsgátt um verkefnið innan skamms á vefsíðu Vatnajökulsþjóðgarðs.

*F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs
Helga Árnadóttir,
þjóðgarðsvörður*



Við undirskrift samninga, frá vinstri: Huguín Harpa Reynisdóttir, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs, Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs suðursvæðis, Kristín Hermannsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands og Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði.



Kortið sýnir svæðið sem vinnan við stjórnunar- og verndaráætlun nær yfir. Blá lína: Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs eftir stækkun 25. júlí 2017. Bleik lína: Þjóðgarðsmörkin fram til 25. júlí 2017.

Hugvekja um vistvæna neyslu

Allar vörur og athafnir hafa ýmist góð eða slæm áhrif á umhverfi okkar. Við rekstur heimilis og almenn innkaup er mikilvægt að vera meðvitaður um þau umhverfisáhrif sem við styðjum með kaupum okkar. Vistvæn neysla er að neyta þeirra vöru sem hefur sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið og heilsu manna sem og koma í veg fyrir sóun. Við innkaup er gott að leiða hugann að líftímakostnaði vörunnar, en það þýðir að hugsa um öll áhrif sem af vörunni hljóta frá upphafi til enda, frá ræktun til förgunar.

Vistvæn neysla er mikilvægur liður í verndun umhverfisins og baráttuna við loftlagsbreytingar. Umhverfis Suðurland hefur áður fjallað um áhrif matarsóunar og skynditísku á umhverfið og samfélagið. Vistvæn neysla snýst um að takmarka neyslu og kaupa ekki óþarfa. Meiri fróðleik má finna á vefnum www.umhverfissudurland.is og facebooksíðunni Umhverfis-Suðurland.




Meningarkorti Suðurlands dreift inn á öll heimili á Suðurlandi

Meningarkort Suðurlands er nú komið út. Kortið er yfirlitskort sem jafnframt gildir sem afsláttarkort. Kortið veitir m.a. afslætti af aðgangseyri fyrir alla fjölskylduna og afslætti af vörum. Kortinu er nú verið að dreifa inn á öll heimili á Suðurlandi.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) gefa kortið út og er það unnið í nánú samstarfi við söfn og sýningar á Suðurlandi. Útgáfa kortsins er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS. Markmið verkefnisins er að hvetja Sunnlendinga til að sækja söfnin heim og auka almennt kynningu á söfnum og sýningum á Suðurlandi. Er það liður því að uppfylla markmið Sóknaráætlunar Suðurlands, sem er m.a. að efla og styðja við menningarstarf í landshlutanum.

Suðurland hefur margt uppá að bjóða á sviði menningar og lista. Af hverju ekki að gera eitthvað sunnlenskt með fjölskyldunni um helgina? Það er svo margt að sjá og upplifa á Suðurlandi. Gleymum ekki öllu því sem í boði er í okkar landshluta. Hvort sem það er næsta helgi, vetrarfrí skólanna, sumarfríð eða önnur tækifæri, þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta notið menningar og lista á Suðurlandi.

Beðist er velvirðingar á mistökum sem áttu sér stað í útgáfu kortsins. Heimasíða Eldheima er að sjálfsgöðu eldheimar.is, Afslættir eru veittir gegn framvisun kortsins. Menningarkort Suðurlands gildir út árið 2019. Geymið því kortið og hafið með í för þegar þið njótið þess sem Suðurland hefur upp á að bjóða.



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

LILJU ARADÓTTUR
Víkurbraut 32

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki heimaþjónustunnar fyrir góða umönnun.

Börn og fjölskyldur



Að gefnu tilefni langar mig sem prófarkalesara Eystrahorns að benda auglýsendum á að lesa vel yfir það sem þeir senda frá sér. Oft eru þær ekki réttar, og við sem vinnum blaðið komumst ekki inn í skjalið til að leiðrétta textann. Kannski bara að hafa skjalið þannig að auðvelt sé að leiðrétta ef þarf.

Með fyrirfram þökk Guðlaug Hestnes



PORRABLÓT
FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA
verður í Sindrabæ
föstudaginn 1. febrúar 2019

- Húsið opnað kl. 18:30
- Blótið hefst stundvíslega kl. 19:00
- Aðgöngumiðar seldir í Ekru miðvikudaginn **30. janúar frá kl. 15:00-17:00** og við innganginn
- Miðaverð kr. **7.000**, *Ekki tekið við greiðslukortum*
- Aðgöngumiðar gilda sem happdrættismiðar
- Hilmar og fuglarnir leika fyrir dansi

Allir eldri borgarar velkomnir
Akstur í boði Lionsklúbbs Hornafjarðar

Maður er manns gaman
Þorrablótsnefndin



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Undankeppni hönnunarkeppni Samfés

Þann 17. janúar síðastliðinn hélt Þrykkjan Félagsmiðstöðin á Höfn undankeppni í Nýheimum í Stíll Hönnunarkeppni Samfés, þemað í ár er 90's.

Liðið sem vinnur flottustu hönnunina fer í 1. sæti og fær að fara fyrir hönd Þrykkjunnar til Reykjavíkur að keppa 2. febrúar en einnig fær liðið í öðru sæti að fara til Reykjavíkur að keppa þar líka í Stíll Hönnunarkeppni Samfés þema 90's, í íþróttahúsinu Digranesi Skálaheiði 2 í Kópavogi. Húsið opnað kl. 13:00 þá hefst undirbúningur keppenda. Keppnin byrjar kl. 15:00 stendur til 17:00. Miðaverð er 500 kr og frítt er fyrir yngri en 16 ára.

Í ár tóku 3 lið þátt í keppninni hjá Þrykkjunni. Góð mæting var á keppnina og erfitt var að gera upp á milli liða. Öll liðin stóðu sig vel og eru búin að leggja mikla vinnu í þetta stóra krefjandi verkefni. Þarna eru miklir hæfileikar á ferð.

Liðin búa til persónu og segja sögu hennar, hanna á hana föt, förðun, hárgreiðslu, fas og líkamsburði og skrá hvert skref í dagbók og möppu.

Verðlaun eru veitt fyrir flottasta hárið, flottustu förðunina, flottustu hönnunina,



Anna Lára Grétarsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Ethel María Hjartardóttir og Selma Ýr Ívarsdóttir

flottustu möppuna og bestu liðsheimdina.

Verðlaun fyrir flottasta hárið fengu Amylee Da Silva, Líney S. Sæmundsdóttir, Laufey Ó. Hafsteinsdóttir og Þóra L. Ásmundsdóttir. Þær eru einnig í 3. sæti.

Verðlaun fyrir flottustu förðunina og flottustu möppuna fengu Aníta Aðalsteinsdóttir, Arna Ó. Arnarsdóttir, Nína D. Jóhannsdóttir og Dagmar Lilja Óskarsdóttir. Þær eru einnig í 2. Sæti og fá að keppa fyrir hönd Þrykkjunnar í Reykjavík 2. febrúar.

Verðlaunin fyrir flottustu hönnunina og bestu liðsheimd fengu þær: Anna Lára Grétarsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Ethel María Hjartardóttir og Selma Ýr Ívarsdóttir.

Þær eru einnig í 1. sæti og fá að fara fyrir hönd Þrykkjunnar til Reykjavíkur 2. febrúar. Það voru því miður engir drengir með í keppninni í ár en nokkrir voru með í fyrra

vonandi verða þeir með næst.

Sunna Guðmundsdóttir sá um undirbúning og handleiðslu hópanna fyrir hönd Þrykkjunnar. Bestu þakkir fyrir það Sunna.

Dómarar í undankeppninni í Hönnunarkeppni í Stíll voru Eva Ósk Eiríksdóttir, Ragnheiður Hrafnkelsdóttir og Sigrún Gylfadóttir. Hafi þær bestu þakkir fyrir.

Besta kveðja

Guðbjörg Ómarsdóttir

Forstöðumaður Þrykkjunnar Félagsmiðstöð

Sveitarfélagið Hornafjörður

Stefanía Ósk Hjálmarsdóttir

Fristundaleiðbeinandi Þrykkjunnar

Félagsmiðstöð

Sveitarfélagið Hornafjörður



Aníta Aðalsteinsdóttir, Arna Ó. Arnarsdóttir, Nína D. Jóhannsdóttir og Dagmar Lilja Óskarsdóttir



Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Allir þátttakendur í undankeppninni

SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Bón dagur er fyrsti dagur Porra og er hann föstudaginn 25. janúar

Er ekki tilvalið að færa bóndanum gjöf í tilefni dagsins?

Hjá okkur er úrval

af töff gjöfum

Verið velkomin

Húsgagna

Símar: 478-2535 / 898-3664

Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Þrettándahlaup fjölskyldunnar

Frjálsþróttadeild Sindra stóð fyrir Þrettándahlaupi fjölskyldunnar þann 6. janúar síðastliðinn og er skemmt frá því að segja að þessi viðburður heppnaðist gífurlega vel. Upphaflega átti þetta að vera Gamlaárshlaup fjölskyldunnar en þar sem veðurguðirnir voru ekki okkur í hag þá var hlaupið fært fram á Þrettándann. Það er von okkar að þetta verði árlegur viðburður þar sem fjölskyldur geta átt glaðan dag saman. Það voru 53 þátttakendur og þrjár mismunandi vegalengdir í boði, 3 km, 6 km og 9km. Langflestir fóru 3 kílómetra og er hugsunin að þetta sé fyrir alla og fólk fer á sínum hraða. Það var Anna Lára Grétarsdóttir sem var fyrst í mark í 3 kílómetra hlaupinu, Tómas Nói Hauksson var fyrstur í 6 kílómetra hlaupinu og Stefán Viðar Sigtryggsson var fyrstur til að klára 9 kílómetrana, Inga Kristín Aðalsteinsdóttir var önnur í mark og Tómas Orrí Hjálmarsson var þriðji.

Fólk var hvatt til að mæta í búningum og vakti það mikla lukku og setti svip sinn á hlaupið. Verðlaun voru einnig veitt fyrir besta búninginn og voru það Þorbjörg Gunnarsdóttir og Ívar Örn Jónsson sem hlutu þau verðlaun.

Verðlaunin voru ekki af verri toganum, kajakferð með Iceguide, íshellaferð með Glacier Adventure, pizzaveislur frá Hótelinu




Stefán Viðar var fyrstur í mark í 9 km, hér er hann ásamt sinni fjölskyldu en þau fengu líka búningaverðlaun, samheldin hlaupaþjófskylda.

Theódór, Helga, Kristófer og Stefán.

og jólaglaðningur frá Nettó. Eftir hlaupið var öllum þátttakendum boðið í kjötsúpu á Kaffi Horninu í boði Jóhönnu og Ernesto. Sveitarfélagið bauð öllum frítt í sund og viljum við þakka öllum fyrirtækjum veittan stuðning. Við þökkum kærlega fyrir þátttökuna og skemmtilegan dag og sjáumst svo enn fleiri að ári.

Anna Björg Kristjánsdóttir og Berglind Steinþórsdóttir



Þorbjörg og Ívar Örn fengu verðlaun fyrir bestu búningana.

ÞORRABLÓT SUÐURSVEITUNGA OG MÝRAMANNA



**Hljómsveitin Horny Stones
leikur fyrir dansi**

18 ára aldurstakmark

Miðaverð á dansleik sem hefst að borðhaldi loknu 2500 kr

Hvetjum heimafolk að tryggja sér miða sem fyrst!

Hrollaugsstöðum
Laugardaginn 9. febrúar
Húsið opnar kl. **19:30**
Borðhald hefst kl. **20:30**
Miðaverð 8000 kr

Miðapantanir síma:
893-0578 Pórey &
866-2189 Póra Björg